

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 22. stjórnarfundar, haldinn 24. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 13:15-17:30.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Örn Viðar Skúlason sat fundinn undir liðum 2-5.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn og Dagný Lís Davíðsdóttir undir lið 2.

Þórólfur Jónsson tók þátt í fundinum undir lið 3 gegnum síma.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir 21. fundar

Fundargerðir 21. fundar samþykkt.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna í eigu dánarbúa

Á fundinum var lögð fram tillaga framkvæmdastjóra um kaup á þremur eignum. Um er að ræða eignir sem eru í eigu dánarbúa skv. upplýsingum í umsókn. Samþykkt að fela framkvæmdarstjóra að kanna hvort fyrir liggji upplýsingar um að skilyrði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 16/2024 séu uppfyllt.

3. Viðmið um kaupverð og heimildir til að víkja frá almennu viðmiði

Á fundinum voru lagaleg viðmið um kaupverð rædd og sjónarmið varðandi heimildir til frávika.

4. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 103 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum nema einu. Í 48 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing fái frá húsfélagi, ef það er til staðar, vegna íbúða í fjöleignarhúsum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

5. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður 26. apríl kl. 13:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 17:30.

Óskar Jósefsson
Guðrún Þorleifsdóttir

